

Alþingi
Erindi nr. P 139/791
komudagur 8.12.2010



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Benedíkts S. Benediktssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um framtíðarskipan fiskveiðistjórnar (44. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér undirbúning að þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarskipan fiskveiðistjórnar.

Ætlun höfunda ofangreindrar tillögu er að undirbúningur verði hafin að þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarskipan fiskveiðistjórnar þar sem bornar verða upp spurningar eins og hvort taka eigi upp nýtt fiskveiðistjórnarkerfi, setja eigi sérstakt stjórnarskrárákvæði um eignarhald auðlindarinnar eða innkalla eigi aflaheimildir og endurúthluta þeim gegn gjaldi til þjóðarinnar.

Viðskiptaráð Íslands getur ekki stutt ofangreinda tillögu, enda er það mat ráðsins að það fiskveiðistjórnunarkerfi sem er til staðar þjóni hagsmunum þjóðarinnar vel. Í greinargerð með ofangreindri tillögu er vísað til þess að markmið sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar sé að fiskveiðar séu hagkvæmar og skapi verðmæti og störf en séu um leið sjálfbærar og vistvænar og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Það er mat undirritaðrar að fiskveiðistjórnunarkerfið, eins og það er í dag, tryggi þau markmið sem eru í ofangreindri stefnu þar sem það hámarki þá verðmætasköpun sem er í greininni um leið og með kvóta á veiðum er fylgt eftir skuldbindingum um sjálfbærni og vistvænar veiðar.

Ísland á í viðræðum við Evrópusambandið um hugsanlega aðild að sambandinu og þær forsendur sem slík aðild yrði byggð á. Meðal þeirra atriða sem eru til umræðu er fiskveiðistjórnunarkerfið og stjórnun þess. Meðan þær viðræður standa yfir og allt þar til þeim hefur verið hætt með niðurstöðu á annan hvorn veginn, þ.e. með aðild Íslands eða ákvörðun um að ekki verði gengið í sambandið, verður ekki séð að þjóðaratkvæðagreiðsla eins og sú sem ofangreind tillaga mælir fyrir um þjóni tilgangi sínum. Allar þær forsendur og niðurstöður sem kæmu úr henni væru til lítils í ljósi þeirra breytinga sem verða ef Ísland gengur til liðs við Evrópusambandið.


Líkt og vísað er til í greinargerð með tillögunni hefur verið gefin út skýrsla starfshóps um endurskoðun á lögum um fiskveiðistjórnun sem unnin var í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Niðurstöður þeirrar skýrslu ættu að vera leiðarljós breytinga sem gerðar verða á fiskveiðistjórnunarkerfinu ef einhverjar. Ekki er að vænta raunverulegrar og ígrundaðrar niðurstöðu úr þjóðaratkvæðagreiðslu sem hægt er að byggja beint á, eftir stæði töluverð vinna þar sem vinna þyrfti úr niðurstöðum slíkrar atkvæðagreiðslu, á fyrrgreindum forsendum verður það ekki talið ráðlagt.

Að lokum verður að víkja að margumtöluðu stjórnarskrárákvæði um þjóðareignarhald á auðlindum, eins og vísað er stuttlega til í ofangreindri tillögu. Fyrir það fyrsta hefur verið sett á lagginnar sérstakt stjórnlagabætur sem ætlað er að fjalla um þetta ákvæði og er því ekki ástæða til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um það fyrir en þær niðurstöður liggja fyrir.

Í annan stað verður að gagnrýna notkun þessa hugtaks sem hefur verið ansi útbreidd undanfarið. Það liggur fyrir að þjóð getur ekki átt eign í lögfræðilegum skilningi. Í eignarrétti er litið svo á að sá teljist eigandi sem fer með þær heimildir sem felast í eignarréttinum. Helstu heimildir eignarréttar eru réttur til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar, skuldsetningar og að leita til stjórnvalda til að vernda réttinn. Það er óumdeild niðurstaða þeirra lögfræðinga sem hafa skoðað þetta fræðilega að óafmarkaður og óskilgreindur hópur manna, eins og þjóð, getur ekki farið með þessar heimildir og því ekki talist eigandi. Ríkið fer þá með framangreindar heimildir og því kveður ákveðið í raun á um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu ríkiseign. Notkun þessa hugtaks er því mjög villandi í þeirri umræðu og samhengi sem því hefur verið beitt.

Viðskiptaráð leggur til að ofangreind tillaga nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands